Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eldhúsdagsumræður 28. febrúar 1951, Einar Olgeirsson

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Utanríkisráðherra – Stefán Jóhann Stefánsson – Sósíalistar

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Bréfa- og málasafn 1946-1953.
Askja 2-15, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Alþ.t. (umræðup. 1950) bls. 131-132 - handrit. Sp.

Eldhúsumræður

3. kvöldið, 28. febr. 1951.

Einar Olgeirsson:

....

Stefán Jóhann Stefánsson sagði ennfremur, að það hefði verið þokkalegt ástand á Íslandi núna, ef ótætis sósíalistunum hefði tekizt að eyðileggja fyrir afturhaldinu, að þjóðin fengi Marshallaðstoðina, og Eysteinn tók undir.

Mínir Marsjallherrar!

Út á hvað haldið þið, að þið fáið Marshallgjafirnar, meiri gjafir að tiltölu en ameríska auðvaldið gefur nokkurri annarri þjóð í heiminum? Þið fáið þær út á styrkleika okkar sósíalista hér á Íslandi. Þessi litli flokkur íslenzkrar alþýðu er þyrnir í augum hins volduga ameríska auðvalds, af því að okkar flokkur er gagnvart ameríska heimsveldinu fulltrúi þess bezta, sem þjóð vor á til, ástar hennar á sjálfstæði sínu, vilja hennar til að berjast fyrir frelsi sínu og farsæld, og af því að bak við hann stendur þjóð, sem á sex alda nýlendukúgun að baki sér og ætlar sér aldrei að verða nýlenda á ný. Ameríska auðvaldið veit, að ofbeldi dugar ekki við okkar þjóð. Þess vegna reynir það að stinga henni svefnþorn með gýligjöfum Marshalls. Þríflokkarnir hafa fengið hana til þess að taka við gjöfunum, en hvort þeim tekst að xx svæfa hana með þeim, er annað mál. Ísland hefur þegið gjafakorn fyrr, en hljómur orðsins brennur á hverri íslenzkri tungu.

Vaxandi fylgi Sósfl. eins og kosningarnar, nú seinast í Iðju, og vanmegna bræði Marshallflokkanna yfir því, er bezta sönnunin fyrir því, að ísl. þjóðin lætur ekki ... svæfa sig ...

Einkaskjalasafn Bjarni Benediktsson © Borgarskjalasafn Reykjavíkur.